



Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Viðar pallaolía

LÝSING

Viðar pallaolía er ætluð til notkunar á við utanhúss, til þess að koma í veg fyrir vatnsupptöku. Ólían inniheldur efni til varnar sveppa- og gróðurmyndun. Viðar pallaolía friskar útlit viðarins, kemur í veg fyrir ofþornun og sprungumyndun

NOTKUN

Viðar pallaolía er ætluð til notkunar á þrýstivarinn við, furu, tekk, eik, o.fl. Ólían hentar sérlega vel á sólpalla og viðarhúsgögn.

Tæknilegar upplýsingar

Lítir	Staðal lítir
Pakkningar	1,4 og 10 lítrar
Efnisnotkun	10-15 m ² /l
Eðlisþyngd	0,86 kg / l
Þurrefni	33% (rúmmál)
Þynnir	Terpentína
Áhaldahreinsir	Terpentína
Þurrktími	u.þ.b. 24 klst

UNDIRMÁLUN

Ekki þarf að grunna undir Viðar pallaolíu.

YFIRMÁLUN

Ekki skal mála yfir Viðar pallaolíu.

ÁHÖLD

Berið Viðar pallaolíu á með pensli, málningarsprautu eða úðakönnu. Þurrkið umfram olíu af um 30 mínútum eftir áburð. Notist við tuskur sem ekki skilja eftir sig ló.

VINNUTILHÖGUN

Fjarlægjið gamla málningu, ryk og önnur óhreinindi. Gróður fjarlægist með Viðar Grámahreinsi. Viðurinn skal vera hreinn og þurr. Á sjúgandi fleti skal bera Viðar pallaolíu blautt í blautt allt þar til viðurinn er fullmettaður. Í flestum tilfellum duga ein til þrjár umferðir. Fleti sem mikið mæðir á skal meðhöndla á hverju ári.



ATHUGASEMDIR

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Viðar pallaolía inniheldur þornandi olíur og því er hættu á sjálfsíkveikju.
- Úrgangi, notuðum tuskum o.þ.h. skal farga tryggilega, t.d. með því að setja í vatn.
- Hreinsið áhöld strax eftir notkun.
- Skilið tómunum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
- Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/f 700 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 500 g/l.

VARÚÐARMERKINGAR

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.